

Áætlun Fellaskóla gegn einelti

Hvað er einelti?

Það er einelti þegar einn eða fleiri einstaklingar beita annan einstakling endurteknu líkamlegu eða andlegu ofbeldi eða félagslegri útskúfun. Til dæmis þegar einstaklingar segja meiðandi og óþægileg orð við annan einstakling, stríða honum/henni, gera grín að honum/henni eða nota ljót og meiðandi uppnefni, virða hann/hana ekki viðlits eða útiloka hann/hana viljandi úr vinahópi, slá, sparka, hárreita, hrinda eða loka hann/hana inni eða úti, segja ósatt eða dreifa upplognum rógi um hann/hana, beita baktali með meiðandi ummælum um viðkomandi, eða senda niðrandi eða meiðandi skilaboð um hann/hana í gegnum samfélagsmiðla, sms, tölvupóst eða með öðrum leiðum. *Sé um einelti að ræða á hegðunin sér ítrekað stað.* Einelti felur í sér misbeitingu á valdi með þeim mögulegu afleiðingum að þolanda líður illa og finnur til varnarleysis og fer oft fram þar sem enginn sér. Sá sem er lagður í einelti vill oft ekki segja frá því sem gerist svo hann hljóti ekki verra af. Þess vegna er mjög áríðandi að allir þekki einkenni eineltis.

Forvarnir gegn einelti í Fellaskóla

Nemendur og kennarar ræða um einelti á bekkjarfundum, meðal annars hvað felst í einelti og hver eiga að vera viðbrögðin við einelti. Einnig um samskipti, virðingu, tillitssemi og skólareglur með sérstakri áherslu á það sem tengja má við einelti. Nemendur fá auk þess reglulega fræðslu um einelti, þar með talið um ólíkar birtingarmyndir, afleiðingar fyrir þolendur og gerendur og viðeigandi viðbrögð ef upp kemur grunur um einelti.

Unnið er út frá hugmyndafræði jákvæðs aga í skólanum. Í því felst meðal annars að nemendur semja bekkjarsáttmála út frá hugmyndum jákvæðs aga þar sem fram koma reglur sem hver bekkur hefur sett sér í tengslum við samskipti, virðingu fyrir samnemendum, einelti og fleira. Önnur verkefni sem unnin eru í tengslum við jákvæðan aga hjálpa einnig til við að berjast gegn einelti, til dæmis verkefni sem tengjast því að virða fjölbreytileikann, efla samvinnu og þjálfra samskiptafærni.

Notast er við ýmis félagsfærniþjálfun, námsefni, námskeið og annað í forvörnum gegn einelti. Nemendur á yngra stigi (1.-5. bekkur) notast meðal annars við Vinir Zippýs, Stig af stigi, Verum vinir, ART, Samskipti stúlkna, Vináttuverkefni Barnaheilla auk þess sem vinaliðar starfa í frímínútum. Á eldra stigi (7.-10. bekkur) er meðal annars notast við efnið Samskipti stúlkna, DAM

(díalektísk atferlismeðferð), Björg bjargráð og ART. Auk þess er tengslakönnun lögð fyrir nemendur í öllum árgöngum tvisvar á hverju skólaári.

Dagatal forvarna gegn einelti:

- **Ágúst/September:** Í lok ágúst/byrjun september hittist eineltisteymi og fer yfir dagatal forvarna fyrir skólaárið, skoðar hvort uppfæra þurfi eineltisáætlun, tilkynningareyðublað og byrjar vinnu við að ákveða verkefni til að taka fyrir með nemendum yfir veturinn, til dæmis í tengslum við baráttudag gegn einelti. Eineltisteymi kynnir eineltisáætlun skólans fyrir starfsfólki í upphafi skólaársins og rifjar upp með kennurum hvar er að finna eyðublað fyrir eineltis-tilkynningar. Starfsfólk fær fræðslu um birtingarmyndir og afleiðingar eineltis.
- **September:** Kennarar ræða við nemendur um einelti á bekkjarfundum. Eineltisteymi ber ábyrgð á að minna kennara á þetta verkefni og getur komið með hugmyndir að umræðu-punktum og fræðsluefni óski kennarar eftir því.
- **Janúar:** Tengslakönnun er lögð fyrir í öllum árgöngum. Eineltisteymi sendir skilaboð á kennara. Umsjónarkennarar fara yfir niðurstöður í samstarfi við námsráðgjafa.
- **8. nóvember:** Baráttudagur gegn einelti. Allir bekkir fá fræðslu um einelti og nemendur vinna einnig verkefni í tengslum við baráttu gegn einelti. Eineltisteymi ber ábyrgð á og sendir út tillögur að fræðsluefni og verkefnum fyrir bekki og/eða einstaklinga. Mismunandi er á milli ára hvort hópaverkefni eru unnin af hverjum bekk, hverju stigi (eldra og yngra stig) eða skólanum sem einni heild.
- **Janúar:** Tengslakönnun lögð fyrir í öllum árgöngum. Eineltisteymi sendir upplýsingar og leiðbeiningar á kennara sem leggja könnunina fyrir í sínum hóp. Umsjónarkennarar fara yfir niðurstöður í samstarfi við náms- og starfsráðgjafa.
- **Febrúar/Mars:** Í lok febrúar eða byrjun mars rifja nemendur og kennarar upp umræðu um einelti á bekkjarfundum og meta hvar hópurinn stendur og hvernig hefur gengið það sem af er vetri. Nemendur og kennarar rifja einnig upp viðbrögð við einelti og hvar og hvenær skal tilkynna um einelti. Eineltisteymi ber ábyrgð á að minna kennara á þetta.
- **Mai/Júní:** Eineltisteymi hittist og fer yfir veturinn og hvernig hefur gengið. Eineltisteymi skrifar stutta samantekt og skilar til skólastjórnenda. Þar skal meðal annars koma fram hvernig gengið hefur að fylgja dagatali forvarna, umfjöllun um baráttudag gegn einelti 8. nóvember, tölfræði yfir tilkynningar vegna eineltis og úrvinnslu mála sem upp hafa komið ásamt yfirliti yfir fundi teymisins yfir skólaárið. Ekki skulu koma fram neinar persónugreinanlegar upplýsingar eða lýsingar á einstaka málum.

Eineltisteymi

Skólastjóri skipar eineltisteymi fyrir hvert skólaár. Í því skal sitja náms- og starfsráðgjafi sem fer með formennsku ráðsins, fulltrúi skólastjórnenda, fulltrúi eldra stigs, fulltrúi yngra stigs, fulltrúi félagsmiðstöðvar og fulltrúi frístundar. Skólastjórnendur tilkynna starfsfólki skólans, í upphafi haustannar, hverjir eiga sæti í teyminu það skólaár. Eineltisteymi skal halda fundargerðir þegar það hittist.

Tilkynnt um einelti

Nemendur, foreldrar og starfsmenn geta tilkynnt um einelti á eyðublaði sem finna má á vefsíðu skólans eða beint til starfsmanna. Starfsmenn sem fá tilkynningu um einelti frá nemanda eða foreldri bera ábyrgð á að koma tilkynningunni til skila til náms- og starfsráðgjafa sem upplýsir eineltisteymi.

Viðbrögð við einelti í kjölfar tilkynningar

Eineltisteymi fundar um málið og kallar eftir nánari upplýsingum. Teymið ákveður fyrstu skref og skiptir með sér verkum. Fulltrúi eineltisteymis boðar þann sem tilkynnir í viðtal við fyrsta tækifæri þar sem teknar eru niður nánari upplýsingar. Ef formleg tilkynning er ekki til staðar (útfyllt eyðublað) er það gert í viðtalinu.

Haft er samband við forráðamenn þolanda og geranda og þeir boðaðir á fund ásamt barni sínu og umsjónarkennara þess, til að fara yfir málið, fá frekari upplýsingar og ákveða næstu skref. Eineltisteymi útbýr aðgerðaráætlun og fylgir framkvæmd hennar eftir.

Á bekkjarfundi rifjar umsjónarkennari upp með nemendum hvað einelti er, alvarlegar afleiðingar þess, bekkjaranda og hlutverk hvers og eins þegar kemur að því að vinna gegn einelti og tryggja að öllum líði vel í skólanum.

Eineltisteymi upplýsir starfsfólk skólans, sem kemur að kennslu eða gæslu nemendanna, um málið og fær aðstoð þeirra við að fylgjast með þróun mála og eftirfylgni. Verði einhver þeirra sem hafa eftirlit með þróun mála varir við að vandinn haldi áfram eða hafa grun um það, er eineltisteymi látið vita. Teymið fer í framhaldinu í endurmat og frekari aðgerðir.

Gangi ekki að leysa málið innan skólans skal eineltisteymi vísa málinu til fagráðs eineltismála í grunn- og framhaldsskólum.